



Vilhjálmur Árnason
Siðfræðistofnun Háskóla Íslands

Nefnd um heiðarleika í vísindum

Fundur Vísinda- og tækniráðs
Ráðherrabústaðnum, 23. mars 2018



Tilefni

- „En hvatki er missagt er í fræðum þessum, þá er skylt að hafa það heldur, er sannara reynist.“ (Ari fróði Þorgilsson, *Íslendingabók*)
- Inntak vísindasiðferðis. Trúverðugleiki vinnubragða og stofnana
- Misferli og blekkingar eru undantekningar en hafa alltaf fylgt vísindum
 - um 2% vísindamanna gangast sjálfir við óheiðarlegum vinnubrögðum (a.m.k. einu sinni) og 34% kveðst hafa tekið þátt í vafasömum starfsháttum (Fanelli 2009)



Hvatar

- Magnbundið hvatakerfi háskóla og rannsóknarstofnana
- Metnaður og framavon
- Samkeppni um takmarkað rannsóknarfé
- Aukið samspil fyrirtækja og akademíu sem getur skapað
 - Hagsmunaárekstra
 - Núningur milli krafna viðskipta og fræða



Helstu birtingarmyndir

- Alvarlegum brotum á vönduðum starfsháttum og góðu siðferði vísindasamfélagsins er oft skipt í tvo flokka:
 - Misferli: gróf vanræksla og ábyrgðarleysi
 - Svik: uppspuni, villandi upplýsingar, ritstuldur og misnotkun
- Vafasamir starfshættir geta falið í sér kæruleysi eða vanhæfni í túlkun og meðferð gagna, ýktar hugmyndir um ávinning af rannsóknum (skrum) eða of sterkar ályktanir dregnar af gögnum



Viðbrögð

- Margar þjóðir og alþjóðlegar stofnanir hafa í auknum mæli leitað leiða til að styrkja góða starfshætti í vísindum og koma í veg fyrir brot á þeim
- Nefndir hafa verið settar á stofn
 - „Research integrity“
 - Vitenskapelig uredelighet
- Finnska ráðgjafarnefndin var stofnsett 1991. Góð fyrirmynd



Aðdragandi héraendis

- Félag háskólakennara og Félag prófessora hafi að því frumkvæði, t.d. í samstarfi við önnur samtök háskólafólks á Íslandi og Rannís, að settar verði ítarlegri siðareglur um góð vísindaleg vinnubrögð og heiðarleika, hagsmunaárekstra og önnur siðferðileg álitamál sem tengjast sérstaklega akademískri kenngslu og rannsóknum. Fyrirmyndir að slíku er m.a. að finna hjá finnsku vísindaakademíunni og hjá samtökum amerískra háskóla. (Úr ályktun Háskólaráðs 2006)



Viðbrögð

- Fundur Vísinda- og tækniráðs 2010 tók málið upp (eftirhrunseinkenni)
 - Starfshópi á vegum Rannís falið að móta drög að siðareglum fyrir íslenskt vísindasamfélag
 - Starfshópurinn vann drög að siðareglum, boðaði til málþings og hafði víðtækt samráð við vísindasamfélagið og helstu stofnanir þess
 - „viðmið sem rannsakendur setja sér sjálfir með það að leiðarljósi að bæta störf sín“
- Niðurstöður starfshópsins lágu fyrir haustið 2011



Tillögurnar

- *Viðmið um vandaða starfshætti og siðferði í vísindum og rannsóknum*
 - Útskýrt er í átta liðum hvað það feli þau í sér?
 - Skilgreind eru hugtökin misferli og svik í vísindum og helstu birtingarmyndir þeirra nefndar
- „Þessi viðmið eiga að verja vísindasamfélagið, tryggja gæði og viðhalda þeim auk þess að styrkja heilindi vísindamanna. Vísindasamfélagið í heild sinni ber ábyrgð á því að koma í veg fyrir framferði sem grefur undan rannsóknum eða afvegaleiðir almenning og ber skylda til að grípa inn í með viðeigandi hætti.“



Meginhugmynd

- Hugmyndin um sjálfseftirlit
 - „Vísindasamfélagið ber ábyrgð á að þessum viðmiðum sé fylgt. Skuldbinding er í höndum hvers og eins og rannsóknarteymi bera sameiginlega ábyrgð á að standast viðmiðin. Þess utan bera stjórnendur slíkra hópa, samtaka og stofnana siðferðilega ábyrgð.“
- Forsenda þess að sjálfseftirlitið virki er að til sé nefnd sem hefur það hlutverk að styrkja starfið, veita ráðgjöf og taka á erfiðum málum sem ekki verða leyst á vettvangi



Hlutverk nefndarinnar

- **Leiðbeina:** stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar geta leitað til og ráðfært sig við nefndina í einstökum málum
- hægt er að vísa málum til nefndarinnar og einnig getur hún **rannsakað** mál að eigin frumkvæði
- nefndin hefur vald til að **úrskurða** um alvarleika brota, hvort þau eru ámælisverð, alvarleg eða mjög alvarleg
- **upplýsa** stjórnvöld, almenning og vísindasamfélagið um vönduð vinnubrögð í vísindum og vísindasiðfræði
- **fræða:** heldur ráðstefnur, málstofur og kynningar og getur stofnað vinnuhópa til að fjalla um ákveðin málefni



Lagastoð, en siðferðishugsun

- „Mikilvægt er að [...] samin verði sérstök lög um nefndina þar sem hlutverki hennar og valdsviði sé lýst. Sjálf mun siðanefndin setja sér vinnureglur.“
- Oft er varað við því að siðamál fari í lagalegan farveg („juridification“); getur grafið undan innra siðferði vísindasamfélagsins („smugusiðferði“)
- Meginverkefnið er að styrkja menningu vísindasamfélagsins með aukinni meðvitund um vísindasiðferði og menntun um það (doktorsnám)



Siðanefndir á landsvísu

- Vísindasiðanefnd (metur helstu umsóknir um **rannsóknir á fólki**; varðar sérstakt viðfangsefni)
- Nefnd um vísindalegan heiðarleika (stuðlar að vönduðum **vinnubrögðum** í vísindum almennt)
- Landsiðaráð (er stjórnvöldum til ráðgjafar um löggjöf og **stefnumótun** á sviðum þar sem eru siðferðileg álitamál og leitast við að styrkja forsendur **lýðræðislegrar umræðu** um þau)